



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Tilv.: 0710005

Miðvikudagur, 31. október 2007
Ákvörðun nr. 59/2007

Kaup Icelandair Group hf. á hlutafé Travel Service a.s.

1.

Með bréfi Logos lögmannsstofu, dags. 5. október sl., sem barst Samkeppniseftirlitinu 5. október sl. var tilkynnt að Icelandair Group hf. (IG) hafi keypt hlutafé í Travel Service a.s. (TS). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdu einnig samningur um kaupin, dags. 18. september sl., auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2006 annars vegar á íslensku (IG) og tékknesku (TS) auk lista yfir ársveltu Travel Service árið 2006. Að mati Samkeppniseftirlitisins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að aðalstarfsemi samrunaaðila felist í flug- og ferðaþjónustu og sé það sá markaður sem félögin starfi á. Starfsemi IG hafi að mestu takmarkast við flug til og frá Íslandi en starfsemi TS sé aðallega bundin við flug til og frá Tékklandi. IG sé móðurfélag 10 sjálfstæðra dótturfyrirtækja sem starfi á sviði flug- og ferðaþjónustu. Starfseminni sé skipt í þrjú áherslusvið, alþjóðlegan flugrekstur, leiguflug og flugvélaviðskipti og ferðaþjónustu. Stærst dótturfyrirtækjanna er millilandaflugfélagið Icelandair, en u.þ.b. 50% af veltu félagsins sé vegna starfsemi þess. Flugfélag Íslands sé nánast eingöngu starfandi á innanlandsmarkaði. Loftleiðir Icelandic starfræki leigu, blautleigu og leiguflug frá Íslandi, Evrópu og Bandaríkjunum. Í júní 2006 hafi Loftleiðir eignast meirihluta í lettneska félaginu LatCharter Airlines sem annist leiguflug. Icelandair Cargo og Bluebird Cargo starfi aðallega á markaði fyrir fraktflutninga. Þá eigi IG dótturfélögin Fjárvak, sem annist stoðdeildarþjónustu á fjármálasviði, Icelease, sem kaupir og selji flugvélar auk þess að leigja þær, og IGS, sem annist víðtæka flugþjónustu á Keflavíkurlugvelli. IG eigi einnig Íslandsferðir sem bjóði upp á víðtæka ferðaþjónustu á Íslandi og Icelandair Hotels sem reki tvær hótélkeðjur á Íslandi.

Um starfsemi TS segir í tilkynningunni að hún felist aðallega í leiguflugi en félagið starfræki einnig áætlunarflug undir vörumerkinu „SmartWings“ frá Prag, Tékklandi, til ýmissa áfangastaða innan Evrópu, einna helst Suður-Evrópu. Nýlega hafi félagið hafið rekstur á einkapotum sem sé ört stækkandi markaður. Á

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



heimasíðu IG komi fram að um sé að ræða stærsta einkarekna flugfélag Tékklands. TS sé félag í eigu Lerox CZ s.r.o (50% hlutur), Global Trade Opportunities (G.T.O) AB (36% hlutur) og Jaromir Smejkal og Jiri Simane eiga saman 16% hlut. TS eigi eitt dótturfyrirtæki í Ungverjalandi sem heiti Travel Service Legiforgalmi és Szolgálató Kft.

3.

Í samrunaskránni kemur jafnframt fram að tilgangur IG með kaupum á TS sé að auka vöxt félagsins í alþjóðlegu leiguflugum. Á síðasta ári hafi félagið keypt Latcharter í Lettlandi og séu kaup IG á TS næsta skrefið í útrás félagsins. Ljóst sé að möguleikar samrunaaðila í samkeppni við önnur flugfélög muni tvíeflast að samrunanum loknum. Þá muni skapast frekara færi á að lækka verð og/eða bæta þjónustu vegna fyrirsjáanlegra samlegðaráhrifa. Samkvæmt kaupsamningi IG og hluthafa TS þá kaupi IG allan hlut Lerox í TS og muni síðar kaupa hluti annarra hluthafa eins og nánar sé skilgreint í kaupsamningi. TS mun verða rekið sem sérstakt dótturfélag innan IG samstæðunnar.

Í samrunatilkynningunni segir að velta IG samstæðunnar árið 2006 hafi verið um kr. [...]² en heildarvelta samstæðunnar árið 2005 hafi verið kr. [...]³. Heildarvelta TS á Íslandi hafi árið 2006 numið um kr. [...]⁴ en heildarvelta fyrirtækisins hafi verið kr. [...]⁵. Velta félagsins hér á landi sé tilkomin vegna leiguflugs fyrir Heimsferðir. Eftir að Heimsferðir hafi keypt flugfélagið JetX þá hafi viðskiptum fyrirtækisins við TS lokið. Eftir það hafi TS ekki verið með starfsemi á Íslandi.

Fram kemur að samrunaaðilar eigi ekki í samstarfi við önnur fyrirtæki á Íslandi á sama markaði. Þó er þess getið að dótturfélög IG leigi flugvélar til ýmissa annarra flugfélaga, en ekki sé um samstarf að ræða heldur hefðbundna þjónustu í tengslum við rekstur félaganna.

Sú starfsemi samrunaaðila sem sé sambærileg sé nær eingöngu áætlunarflug og leiguflug en starfsemi félaganna sé á ólíkum mörkuðum fjarri hverjum öðrum og því eigi sér ekki stað nein skörun. TS sinni eins og áður segir nær eingöngu flugi til og frá Tékklandi, þá aðallega til Suður-Evrópu þar sem helstu keppinautar séu önnur Austur-Evrópsk flugfélög auk stærri flugfélaga eins og Lufthansa. IG sinni farþegaflugi til og frá Íslandi þar sem helstu keppinautar séu IcelandExpress, British Airways og SAS. Samruninn muni því hafa lítil sem engin áhrifa á íslenskan markað enda sé TS ekki með neina starfsemi á þeim markaði.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort að samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Enda þótt báðir samrunaaðilar starfi á flug- og ferðaþjónustumörkuðum þá verður ekki séð að starfsemi þeirra skarist og þar af leiðandi virðist líklegt að lítil áhrif verði af samrunanum hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Icelandair Group hf. og Travel Service a.s. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

“Með kaupsamningi, dags. 18. september 2007, keyptu Icelandair Group hf. hlutafé í Travel Service a.s. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

